

Ýmsir viðburðir á degi íslenskrar tungu 2016:

Hátíðardagskrá í Björtuloftum í Hörpu



**HÁTÍÐARDAGSKRÁ
Í BJÖRTULOFTUM Í HÖRPU (7. hæð)**

á degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2016 kl. 15–16

- Ljótikór syngur
- Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, flytur ávarp
- Ari Páll Kristinsson: málið.is – ný vefgátt Árnastofnunar
- Forseti Íslands opnar málið.is
- Kynningarmyndband um málið.is
- Upplæstur verðlaunahafa í Stóru upplestrarkeppninni
- Ávarp Illuga Gunnarssonar, mennta- og menningarmálaráðherra
- Afhending viðurkenningar á degi íslenskrar tungu
- Ávarp viðurkenningarhafa
- Upplæstur verðlaunahafa í Stóru upplestrarkeppninni
- Afhending Verðlauna Jónasar Hallgrímssonar
- Ávarp verðlaunahafa
- Ljótikór syngur

Kynnir: Eva María Jónsdóttir

Léttar veitingar í boði mennta- og menningarmálaráðuneytis


MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ


STOFNUN ÁRNA MAGNÚSSONAR
Í ÍSLENSKUM FRÆÐUM

Tungan og netið

Málrættarþing Íslenskrar málnefndar 15. nóvember 2016, kl. 15.30–17 í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns

15.30 Setning og ávarp forseta Íslands

15.35 Kynning á ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2016

15.40 Ari Páll Kristinsson: Málið punktur is! Fræðsla og leiðbeiningar um íslenskt mál á vef Árnastofnunar

15.50 Aðalsteinn J. Magnússon og Ingólfur Kristjánsson: Nýir vegir – Stutt kynning á fjórum íslenskum vefsíðum

16.00 Þórdís Gísladóttir: Bókablogg og niðurhal: hvernig netið auðgar íslenskuna

16.10 Alec Shaw: Virkjun tungunnar: aðgengileg og sveigjanleg tæki

16.20 Örn Hrafnkelsson: Netveitur Landsbókasafns: breytir stafrænn aðgangur einhverju?

16.30 Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar

16.40 Kaffiveitingar



TUNGAN OG NETIÐ

Mólrættarþing Íslenskrar málnefndar
15. nóvember 2016, kl. 15.30–17
Í fyrriestrasal hjóðmínjasafns

Dagskrá


15.30	Setning og ávarp forsætis Íslands	16.00	Hindís Gísladóttir: Bókablogg og niðurhál: hverjig netið auðgar Íslenskuna
15.35	Kynning á ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu Íslenskrar tungu 2016	16.10	Alec Shaw: Virkjun tungunnar: aðgengileg og sveigjanleg tæki
15.40	Art Páll Kristósson: Málfróðir punktur íslí Fræðsla og laðbeningar um Íslenskt mál á vef Árnastofnunar	16.20	Örn Hrafnkelsson: Netveitur Landsbókasafns: breytir stafrænn aðgangur einhverju?
15.50	Aðalsteinn J. Magnússon og Ingólfur Kristjánsson: Njör vegir – Stutt kynning á fjórum Íslenskum vefsíðum	16.30	Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar
		16.40	Kaffiveitingar

ÍSLENSKA TUNGAN OG NETIÐ
ÍSLENSK MÁLNEFND

- **Bókasafn Seltjarnarness**

Í tilefni af degi íslenskrar tungu býður Bókasafn Seltjarnarness upp á tvo viðburði sem tengjast báðir nýútkomnum bókum:

Þriðjudaginn 15. nóvember kl. 18 les verkfræðingurinn og læknaneminn Hildur Sif Thorarensen úr fyrstu skáldsögu sinni Einfari sem byggir á nýlegum, sannsögulegum heimildum um franska stúlku af kapólskum ættum sem taldi sér trú um að hún væri vampíra.



Miðvikudaginn 16. nóvember kl. 18 verður Guðmundur Sæmundsson doktor og aðjunkt við menntavísindasvið Háskóla Íslands gestur Bókasafnsins en hann les úr ljóðabók sinni Í sjöunda himni býr sólin - Ljóð um ástina. Þetta er fyrsta ljóðabók höfundar en hann hefur áður gefið út þýðingar sínar á ljóðum Hó Chí-Mínhs, Maós Tse-túngs og Leonard Cohens, auk ýmissa bóka um aðskiljanlegustu efni.

- **Safnahúsið í Vestmannaeyjum**



Í samstarfi Safnahúss og Tónlistarskóla Vestmannaeyja verður haldin kynning í Einarstofu í Safnahúsi á tímariti sem ber heitið Stuðlaberg og er helgað hefðbundinni ljóðlist. Ritstjóri, útgefandi og ábyrgðarmaður er Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Dagskráin hefst kl. 17.15 á degi íslenskrar tungu 16. nóvember.

Stuðlaberg kom fyrst út árið 2012 og hefur eftir það komið út tvisvar á ári, haust og vor. Í ritinu er fjallað um allt sem lýtur að bragfræði. Þar birtist jafnan mikið af vel gerðum og skemmtilegum vísum auk þess sem fjallað er um höfunda og oft er rakin sagan sem liggur að baki vísunni. Birtar eru greinar um bragfræðileg efni. Þær eru stuttar og reynt að gera efnið ekki flókið enda kemur fram í ritinu að ritstjóri telur bragfræði minna á sterkt kaffi; það er gott í smáum skömmtum en ekki æskilegt að drekka mikið af því í einu.

Ragnar Ingi mun kynna ritið og lesa valda kafla af efni þess undanfarin ár. Kynningin verður á léttu nótunum. Lesið verður upp úr ritinu og auk þess mun Ragnar Ingi, sem er vel heima í vísnaverð og hefur kynnt sér þann geira menningarinnar nokkuð vel, flytja ýmislegt skemmtiefni tengt vísnaverð og kveðskap almennt.

Dagur íslenskrar tungu skipar auk þess sérstakan sess í hugum Vestmannaeyinga þar sem hann er fæðingardagur Oddgeirs Kristjánssonar. Af þeim sökum mun Jarl Sigurgeirsson mæta á dagskrána og flytja og kynna nokkur valin Eyjalög Oddgeirs.

Að lokum gefst öllum skúffuskáldum í Vestmannaeyjum tækifæri til að kynna efni sitt með stuttri en snarpri innkomu.

- **Flensborgarskólinn í Hafnarfirði**



Dagskrá á sal í löngu frímínútum 16. nóvember á degi íslenskrar tungu

- Jónasar Hallgrímssonar minnst:
- Kór Flensborgarskólans syngur. Smávinir fagir eftir Jónas Hallgrímsson.

- Fulltrúar frá Mími, félagi íslenskunema við Háskóla Íslands, kynna íslenskudeildina.
- Kött Grá Þjé stígur á stökk.
- Þór Freysson les upp úr bók sinni Hermaður í hádeginu á bókasafninu.

Tímaáætlun rúmur hálf tími. Best væri að fá kennara til að fylgja nemendum á sal um kl. 10:20.

- **Sendiráð Íslands í Osló**

Sendiráðið í Osló verður með nokkrar beinar útsendingar á facebook-síðu þess á degi íslenskrar tungu. Gerður Kristný skáld, Mímir Kristjánsson og Mette Karlsvik eru meðal þeirra sem koma fram. Fyrsta útsending hefst kl. 12 norskum tíma og sú síðasta verður kl 16:30. [Facebooksíða sendiráðsins](#)

- **Mímir, félag stúdenta í íslensku og almennum málvísindum við Háskóla Íslands**

Hátíðardagskrá í tilefni af degi íslenskrar tungu. Dagskráin stendur yfir frá klukkan 17:00 til 19:00 í stofu 311 í Árnagarði.

Erindi:

- Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir les upp úr ljóðabók sinni, Skýjafari, og fjallar um sköpunarferlið
- Birgitta Guðmundsdóttir og Olga Margrét Cilia – Skiljanlegt lagamál? Rannsókn á skilningi almennings á lagamáli
- Fulltrúar frá Huldumáli, félagi nemenda í íslensku sem öðru máli, kynna námið og félagsstarfið
- Jóhannes Benediktsson og Reynir Hjálmarsson, skraflnördar. Eru E-in of mörg? Endurmat á gildum og fjölda stafa í íslensku skrafli
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson – Rannsókn um stafrænt málsambýli
- Jón Hilmar Jónsson og Bjarki Karlsson – Hvernig er þetta orðað? Kynning á íslensku orðaneti sem opnað var fyrr í haust
- Sönghópurinn Barbari – Tónlistaratriði

Allir velkomnir! Léttar kaffiveitingar verða í boði.